

57. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar, haldinn þann 7. apríl 2014, kl. 20:00, á skrifstofu Skaftárhrepps.

Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.

Á fundinn mættu: Þorsteinn M. Kristinsson (formaður), Ólöf Ragna Ólafsdóttir (varaformaður), Gunnar Pétur Sigmarsson (varamaður, í stað Bjarka Guðnasonar). Auk þeirra mættu á fundinn Jóhann Gunnar Böðvarsson (íþrótt- og tómstundafulltrúi) og Sigmar Helgason (umsjónarmaður íþróttamannvirkja).

Þorsteinn ritar fundargerð.

Dagskrá:

1) Málefni íþróttamiðstöðvar.

- a) Sigmar sýnir fram á aðsóknartölur í íþróttamiðstöð. Mikil aukning er í gestafjölda. Til samanburðar á janúar – marsmánuðum 2013 og 2014, þá var gestafjöldi 2013 alls 494 og 2014 var gestafjöldi 2885. Sigmar bendir á að dreifing gesta yfir daginn er ótrúlega jöfn og þá sérstaklega í tækjasal.
- b) Opnunartími íþróttamiðstöðar. Sigmar telur líklegt að opnunartíminn verði sá sami og síðasta sumar þ.e. alla daga frá kl. 10 – 21. Sumartími verður ekki fyrr en um 20. júní en sunnudagsopnun um mánaðarmótin maí – júní.
- c) Önnur mál varðandi íþróttamiðstöð. Jóhann og Sigmar eru í samstarfi við eldri borgara um notkun á íþróttmannvirkjum og boðið hefur verið upp á sund og boccia. Einnig hefur verið fjárfest í tækjum og tólum, s.s. sundblöðkum, startblokkum, kúlavarpsskúlum o.fl.. Á stefnuskránni er að fjárfesta í þyngri handlóðum fyrir tækjasal.

2) Málefni félagsmiðstöðvar.

Spilast mikið með skólanum. Vísindaferð og Samfésferð var keyrð saman og gekk vel. Safnað var fyrir öllu sem gert var, þ.e. með áheitasundi og dósasöfnun. Hugmyndir um að koma á sambandi við félagsmiðstöð í Danmörku, með hugsanlega heimsókn í huga. Félagsmiðstöðin Klaustrið hefur sótt um að halda undankeppni söngvakeppni Samfés á Suðurlandi og fengið jákvætt svar. Hugmynd um að halda keppnina í íþróttahúsini.

3) Íþróttamaður Skaftárhrepps 2013.

Tvær tilnefningar bárust en útnefning verður á sumardaginn fyrsta.

4) Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir kr. 100.000 (hundrað þúsund) til styrkja til æskulýðs- og íþróttamála. Samþykkt að auglýsa eftir styrksumsóknum.

5) Önnur mál.
Engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:44.



Þorsteinn M. Kristinsson



Gunnar Pétur Sigmarsson



Ólöf Ragna Olafsdóttir



Ólöf Ragna Olafsdóttir



Jóhann Gunnar Böðvarsson



Ólöf Ragna Olafsdóttir